

# Hestar fá líka kvef

**G**óð heilsa er forsenda fyrir velferð hesta og því hrossahaldi sem hér hefur tíðkast. Við höfum getað treyst því að reiðskjótinn standi ávallt tilbúinn til notkunar þegar okkur hentar. Landfræðileg einangrun, bann við innflutningi á hrossum, notuðum reiðverum og krafa um hreinsun á reiðfatnaði sem notaður hefur verið erlendis, hefur sem betur fer leitt til þess að sjaldgjæft er að smitsjúkdómur berist til landsins. Á móti kemur að hrossastofninn er afar móttækilegur fyrir sýkingum og hrossafjöldinn og þéttleikinn gefa jafnvel vægum sýkingum færi á að magnast upp.

Hestamenn hafa nú verið minntir á hversu alvarlegt er að fá smitsjúkdóm í hrossastofninn en smitandi hósti fer nú sem faraldur um landið. Veikindin setja áform margra hestamanna úr skorðum og hafa raskað allri hestatengdri starfsemi í landinu. Meðal annars hafa þau áhrif á þátttöku í keppnum og sýningum í aðdraganda Landsmóts hestamanna.

Allt bendir til að um væga veirusýkingu sé að ræða sem ekki er til meðhöndlun við. Hins vegar getur reynt nauðsynlegt að meðhöndla bakteríusýkingar sem oft fylgja í kjölfarið og er eigendum bent á að leita til dýralækna vegna þess.

Nauðsynlegt hefur reynt að hætta tafarlaust þjálfun þeirra hrossa sem hósta eða bera önnur sjúkdómseinkenni í öndunarfærum og gefa þeim góðan tíma til að jafna sig eftir að einkennin eru horfin. Það flýtir fyrir bata og minnkar líkur á alvarlegum eftirköstum. Þetta þýðir að starfsemi tammgaströðva liggur að mestu niðri á meðan veikin



Morgunblaðið/Árni Sæberg

**Hestakvef** Þeir sem enn eiga ósmituð hross eru hvattir til að verja þau fram á sumarið.

gengur yfir. Hestamenn hafa einnig verið hvattir til að halda sýningum og öðru mótahaldi í lágmarki.

Loftgæði í hesthúsum og annar aðbúnaður virðist skipta miklu máli um hversu alvarlega hrossin sýkjast. Hlýnandi veður gefur nú færi á að auka mjög útvist hrossa og minnka þannig smitálagið. Samtímis er gott að hreinsa hesthúsin vel. Nú ætti að vera óhætt að setja hross sem verið hafa á húsi út, ef veður er skaplegt og gefa þeim í rúmgóðum girðingum. Þó er varað við að sleppa sýktum hrossum eða veikum saman við útgangshross sem ekki hafa smitast og alls ekki má setja

þau saman við fylfullar eða nýkastaðar hryssur. Þeir sem enn eiga ósmituð hross eru hvattir til að verja þau fram á sumarið í von um að þau sleppi við veikindi.

Allt bendir til að veikin verði að miklu leyti gengin yfir um mánaðarmótin júní – júlí þegar Landsmót hestamanna verður haldið á Vindheimamelum í Skagafirði.

Dr. Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossa-sjúkdóma hjá Matvælastofnun.